

V. *Hegningardævi o. fl.*

91 Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum og fer 17. maí um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðast fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

fyrir Siglufjarðarkauptún.

I. *Hafnargjöld.*

92 1. Öll skip (að undanteknum þeim, er siðar getur um), sem mæld eru 27. maí til lestatals 8 smálestir eða þar yfir, skulu greiða hafnargjald af öllu farrúminu í hvert skifti, er þau leggjast við akkeri, bryggju eða aðrar festar á Siglufjarðarhöfn, fyrir innan línu dregna frá Selgili til Selvíkur, eftir að þau hafa komið frá útlöndum, eða ef um skip ræðir, sem aðeins ganga hafna á milli á Íslandi, þá er þau fyrsta sinn á árinu leita hafnar á Siglufirði, þannig:

- a. Skip sem heimilisfang eiga á Siglufirði greiði 5 aura af hverri smálest.
- b. Önnur skip greiði 10 aura af hverri smálest.

Nú flytur skipið vörur eða farþega af landi eða á og skal þá ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest, hvort sem skipið á heimilisfang á Siglufirði eða annarsstaðar, innanlands eða utan. Sama gjald skulu og greiða þau skip, sem afhenda farm sinn eða taka farm sinn úr öðrum skipum á höfninni. Liggi slík skip á höfninni lengur en 14 daga samfleytt, tvöfaldast gjaldið.

2. Hafni skipið sig oftár enn einu sinni á árinu á Siglufjarðarhöfn og hafi ekki á þeim tíma komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skifti, en síðan að helmingi. Lestargjald greiðist ekki nema einu

sinni á ári. Hálft hafnargjald verða einnig að gjalda þau skip, er fara til veiða út fyrir landhelgi, enda þótt þau hafi hvergi komið til hafnar. 92
27. maí

3. Skip, er ganga milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau koma í fyrsta skifti á árinu á Siglufjarðarhöfn, greiða hafnargjald, en síðan ekki, þótt þau komi oftár á því sama ári á höfnina. Íslensk fiskiskip greiða ekki hafnargjöld nema einu sinni á ári.

II. Aukagjald.

1. Skip þau, sem liggja í vetrarlegu á Siglufjarðarhöfn, skulu greiða í leigugjald 20 aura fyrir hverja smálest. Skip, sem eiga heimilisfang í Siglufirði, greiða þó aðeins hálft gjaldið. Útlend skip greiða tvöfalt gjald.

2. Af geymsluskrokkum og skipum (þar með töldum veiðiskipum), þar sem unnið er að eða úr sjávarfangi, t. d. sildarsöltunar eða sildarbræðsluskipum, skal gjalda 60 aura af hverri smálest. Þó gefst hafnarnefnd heimild til þess að gera sjerstaka borgunarsamninga við veiðiskip, er þessi liður nær til.

3. Öll skip, sem eiga að greiða hafnargjald samkvæmt framangreindum ákvæðum og hafna sig á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 kr. í hvert skifti, er þau leita hafnar á þessu tímabili. Sje skipin meira en 300 smálestir, greiða þau 2 krónur. Þó eru skip, sem heimilisfang eiga á Siglufirði, undanþegin þessu gjaldi.

III. Undanþága frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip, skemtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.

2. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið á land borinn, ef þau flytja aftur burt farminn og ekki annað.

3. Fiskiskip, er stunda veiðar frá Siglufirði, er þau leita hafnar vegna illveðurs, enda skipi þau engu á land.

IV. Geymsluskrokkar.

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert skifti til þess að leggja megi á höfnina skipum, sem notuð eru til geymslu, og skal binda leyfi því skilyrði, að eigandi láti taka skipið upp, ef það sekkur, eða sprengja það sundur, en taka það af grunni, ef það rekur á land, svo að ekki verði skemdir á höfninni. Sje þessu skilyrði ekki fullnægt innan hæfilegs tímafrests, þá getur hafnarnefndin

92 látið gera verkið á kostnað eiganda. Hafnarnefnd eða umsjónarmaður hennar 27. maí ákveður í hvert skifti, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust grunnfærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrirkomið.

Sje leyfi hafnarnefndar fengið til þess að leggja skipinu, þá er eiganda þess heimilt að láta það liggja án þess, að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimað ljós á skipum. Á öðrum tímum árs skulu vera að minsta kosti 2 menn, sem hafnarnefnd tekur gilda, í skipinu, en þeir skulu halda vörð, sjá um, að lögbodin ljósker sje kveikt og annast skipið að öðru leyti.

Ljós skal kveikja á skipinu í það mund, er vitar eru kveiktir hjer á landi, og hljóðbendingar skulu gerðar eftir þeim reglum, sem settar eru í alþjóða-sjóferðareglum fyrir skip, er liggja fyrir akkeri.

V. Um vetrarlegu.

Mannlausum skipum, sem heimilisfang eiga í Siglufirði, er heimilt að leggja í vetrarlagi á innri höfninni. En innri höfnin er sá hluti hafnarinnar, sem liggur innan við línu dregna úr Eyraroddanum í Ráeyri austan fjarðarins. Um leyfi ber þó í hvert skifti að sækja til hafnarnefndar, og skal þá umsjónarmaður hafnarnefndar ákveða legustað fyrir hvert skip. Hann skal ennfremur sjá um, að skipin sjeu lögð fyrir traustum grunnfærum, og ákvæðum hans skal einnig hlíta um það, hvernig festum skuli fyrirkomið og útbúnaður skipanna sje að öðru leyti.

Meðan skip liggur mannlaust í vetrarlagi, skal ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og reynist svo, þá skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Umsjónarmaður hafnarnefndar skal hafa í þóknun 5 krónur af hverju skipi, sem lagt er í vetrarlægi, og greiða útgerðarmenn skipanna þetta gjald.

Umsjónarmaður hafnarnefndar hefir eftirlit með öllum skipum af hálfu hafnarnefndar.

VI. Umferð um höfnina og fl.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum umsjónarmanns hafnarnefndar um það, hvar þau skulu leggjast. Skip mega ekki leggja svo út frá sjer strengi nje önnur festartæki, að umferð verði til tálmunar.

Mótorbátum eða flutningsbátum má ekki leggja svo, að þeir hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umsjónarmanns 92 um, að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd 27. maí látið gera það á kostnað eiganda.

Ávalt skal vera hjer um bil 200 metra breið rás frá bryggjusporðum að þeim skipum, sem næst liggja; í þessari rás mega engin skip hafna sig.

VII. Almenn ákvæði.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina nema með leyfi landeiganda.

Ekki má kasta út seglfestu, kolum, ösku eða neinu öðru, er skemdum geti valdið á höfninni, af skipum, er þar liggja.

Ekki má varpa út aftur akkerum eða öðrum áhöldum, nje heldur leyfum af skipum, er slæðast kynnu upp úr sjávarbotni á höfninni, heldur skal flytja alt slíkt á land og afhenda hreppstjóra til löglegrar meðferðar.

Hreppsnefnd ræður umsjónarmann hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar og ákveður laun hans. Hafnarnefnd fær honum erindisbrjef, er hreppsnefnd samþykkir.

Brot gegn reglugjörð þessari verða sektum alt að 400 krónum.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugjörð renna í hafnarsjóð Siglufjarðar-kaupþúns, og innheimtir hreppstjóri þau.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1916 og skal endurskoðuð fyrir 1. júlí 1917.

Í stjórnarráði Íslands, 27. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.